



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 31. maí 2017

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

31. maí 2017, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Heiðbjört Antonsdóttir, Baldur H. Friðriksson og Höskuldur Haraldsson.

Einnig mættur Magnús Már Þorvaldsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **Vallarhús við íþróttavöll** – Framlögð deiliskipulagslýsing Yrki arkitekta að íþróttasvæði Vopnafjarðar til kynningar og umsagnar í skipulags- og umhverfisnefnd.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða deiliskipulagslýsingu fyrir íþróttasvæði Vopnafjarðar fyrir sitt leyti.

2. mál: **Vopnafjarðarhreppur vegna vörðu** – Fyrir fundi liggur ljósmynd af vörðu ofan Garðsfjöru sem áður þjónaði sem innsiglingarljós. Vilji er til að laga vörðuna, leggja að henni hellulagða gönguslóð og merkja. Óskað er umsagnar nefndar um málið.

Skipulags- og umhverfisnefnd fagnar framkomnum hugmyndum um endurbætur á vörðunni og framkvæmdum þeim tengdum. Mælt er með að farið verði í grenndarkynningu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt - fundi slitið kl. 12:30.